

120. fundur skráningarráðs haldinn 27. nóvember 2019 kl. 13-15 í húsakynnum Landskerfis bókasafna

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis, og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis

1. Fundargerð síðasta fundar - yfirfarin og samþykkt

2. Erindi frá HHK

- *Tölvuleikir sem Material type í Sierra* – erindi frestað
- *Svið 588 – fyrir BK og önnur form* - MARC-svið til að skrá uppruna upplýsinga vantar fyrir önnur form en tímarit. Samþykkt að nota svið 588 í BK færslum og öðru ef þörf er á til að skrá hvaðan upplýsingarnar eru fengnar ef þær eru ekki teknar af viðfangi.
- *RDA vefsíður og gagnagrunnar* – erindi frestað
- *Skráning stakra rafbóka* - fjallað var um erindi sem barst frá Þórnýju Hlynsdóttur um skráningu útgefendaupplýsinga fyrir rafbækur þegar útgefandi/dreifingaraðili er annar en útgefandi prentuðu bókarinnar. Samþykkt var að koma upp hópi til að samræma vinnubrögð háskólabókasafna við skráningu rafbóka.
- *Notendanöfn skrásetjara – á vef* - skjalið hefur verið aðgengilegt í HASK en fundarmenn voru sammála um að eðlilegra væri að hafa það á þjónustuvef Landskerfis bókasafna undir Skráningarráð (Kerfin – Gegnir – Skráningarráð). Sigrún lagði til að búinn yrði til verkferil fyrir uppfærslu á skjalinu.
- *Kóðun notendahópa* - kóðinn j í 008 sviðinu hefur verið notaður til að kóða unglingaefni. Nú er búið að breyta efnisorðagjöf þannig að efnisorðið ungmennaefni er nú notað í stað unglingaefni þannig að ekki er lengur samræmi. Samþykkt var að breyta ekki kóðanum.

3. SH

- *Endurskoðun á skráningaheimildum í nýju kerfi* - Sigrún greindi frá því að notendanöfn í nýju kerfi og tilhögun þeirra væri sérstakt verkefni.
- *Yfirlit yfir seinustu gagnahleðslu og aðkoma skráningarráðs að prófun bókfræðigagna* - Hallfríður sýndi skjalið Material types og greindi frá þeirri vinnu sem fram hefur farið í Landsbókasafni. Sigrún sagði frá vandamálum varðandi birtingu íslenskra höfundarnafna í Sierra. Fjöldi verkefna hefur orðið til í sambandi við yfirfærsluna og var samþykkt að útteilda verkefnum til skráningarráðs til að rýna í gögnin. Sveinbjörg kom inn á fundinn og sýndi Inspire leitargáttina en mikilvægt er að skoða birtingu gagna þar einnig.
- *Eintakalausar bókfræðifærslur* – eyða þarf eintakalausum bókfræðifærslum og afskrifa eintök í Gegni vegna tiltektar fyrir nýtt kerfi.

4. Önnur mál – engin mál voru til umræðu

Næsti fundur verður 18. desember